



Varðandi: Mannauðsdagur Akraneskaupstaðar 2019
Málsnúmer: 1802402
Dagsetning: 28. febrúar 2018

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita stofnunum Akraneskaupstaðar ½ skipulagsdag vegna mannauðsdags Akraneskaupstaðar þann 19. nóvember 2018 frá kl. 12:00.

GREINARGERÐ: Fyrsti mannauðsdagur Akraneskaupstaðar var haldinn þann 1. nóvember árið 2016 undir mjög góðar undirrektir. Hátt í 400 manns komu saman í íþróttahúsinu við Vesturgötu og áttu góðan dag saman við innleiðingu á gildum kaupstaðarins. Lagt hefur verið til í mannauðsteymi Akraneskaupstaðar að halda slíkan dag á tveggja ára fresti og er komin tillaga að nýta skipulagsdag grunnskólanna til þessa dag, þann 19. nóvember 2018.


Farið er þess á leit við bæjarráð að veita heimild fyrir deginum sem felur í sér lokun á eftirfarandi stofnunum:

- Bæjarskrifstofan ásamt áhaldahúsi
- Leikskólar (ósk um viðbótar ½ skipulagsdags við þá fjóra sem þeir eiga)
- Tónlistarskólinn
- Þorpið
- Grunnskólarnir (eru með lokað vegna skipulagsdags þennan dag)
- Íþróttamannvirki (lokun milli kl. 12:00 og 17:00)
- Hver
- Bókasafn ásamt Héraðsskjalasafni
- Byggðasafn
- Fjöliðjan (Búsetuþjónustan að Holtsflöt og Laugarbraut voru á mannauðsdeginum árið 2016 og skipta þessar stofnanir þessum degi á milli sín annað hvert ár.)

Með vísan til framanritaðs gerir sviðsstjóri ofangreinda tillögu.



Akraneskaupstaður


Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs